



Félagsfræðinemi í fangaheimsóknum

Forstjóri rússneskrar nikkilverksmiðju aðstoðar Rauða krossinn

Gleðin margra milljóna virði

Gekk í hreyfinguna eftir Persaflóastríðið



Ár sjálfboðaliðans



Geislabaugur ekki nauðsynlegur

Sjokkerandi að kynnast alvöru fátækt á Íslandi

Íranskur kvikmyndaleikstjóri í sálrænni skyndihjálp

Á bókasafninu í 33 ár



Að gefa af sjálfum sér

Aðalsmerki Rauða krossins er starf 97 milljóna sjálfboðaliða um allan heim sem af ósérhlífni og dugnaði verja tíma úr lífi sínu til að aðstoða aðra. Henry Dunant stofnandi Rauða krossins gerði sér vel grein fyrir hlutverki sjálfboðaliða eftir starf þeirra við að hlúa að hermönnum eftir orustuna við Solferino. Í bók sinni *Minningar frá Solferino lýsir hann aðstæðum á vígvellinum og segir:*

Það er þess vegna þörf á sjúkraliðum og hjúkrunarliðum í sjálfboðavinnu, áhugasömum, þjálfuðum og reyndum sem hefðu hlutverk sem herstjórnendur virtu, tækju tillit til og styddu í verki.

Enn í dag, um 140 árum síðar, eru „áhugasamir, þjálfaðir og

reyndir“ sjálfboðaliðar grundvöllurinn að starfi Rauða krossins. Með alþjóðlegu ári sjálfboðaliðans, sem hófst 5. desember síðastliðinn samkvæmt ákvörðun Sameinuðu þjóðanna, er minnt á hlutverk sjálfboðaliða. Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans tekur virkan þátt í verkefnum og viðburðum í tilefni af árinu og ætlar að leggja sérstaka áherslu á nýliðun í hópi sjálfboðaliða, val, þjálfun, skipulagningu og umbun. Auk þess munu mörg landsfélög vinna með stjórnvöldum og öðrum félagasamtökum að því að bæta vinnuumhverfi sjálfboðaliða.

Stjórn Rauða kross Íslands samþykkti nýverið að leggja áherslu á eftirfarandi í tilefni ársins:

- Að sérstök áhersla verði lögð á sjálfboðið starf á árinu með þrjú meginmarkmið að leiðarljósi; að breyta áherslum í ímynd félagsins á þann hátt að kynna almenningi þá fjölbreytni sem í boði er í sjálfboðnu starfi innan þess; að auðvelda aðgengi að sjálfboðnu starfi innan félagsins; að efla þjálfun og auka umbun fyrir sjálfboðaliða.
- Að innleiddur verði sjálfboðasamningur og samræmd skráning á sjálfboðaliðum svo að mikilvægar upplýsingar um sjálfboðið starf félagsins verði aðgengilegar á einum stað.
- Að gert verði sérstakt átak í fræðslu innan félags og sjálfboðaliðum gefinn kostur á að

verða sér úti um sérstök leiðbeinendaréttindi í leiðtogaþjálfun Rauða krossins.

- Að myndaður verði vinnuhópur sem gerir tillögur að sjálfboðastefnu Rauða kross Íslands.

Þessi útgáfa af Hjálpi er til einkuð sjálfboðaliðum, innanlands og um allan heim. Þeir sem lesa þessi viðtöl fá vonandi innsýn í heim sem þeir geta hugsað sér að kynnast nánar, heim sjálfboðaliða Rauða krossins.



1. tölublað, 8. árgangur, maí 2001

Útgefandi:

Rauði kross Íslands
Efstaleiti 3, 103 Reykjavík
Sími: 570 4000 **Fax:** 570 4010
Netfang: central@redcross.is
Veffang: www.redcross.is
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Þórir Guðmundsson
Umsjón: Lóa Aldísardóttir
Netfang: thorir@redcross.is
Útlit: Mátturinn og dýrðin
Umbrot: Blaðasmiðjan
Prófarkalestur: Mördur Árnason
Prentun: Prentsmiðjan Oddi
Upplag: 30.000

Stjórn Rauða kross Íslands:

Anna Þrúður Þorkeldsdóttir, formaður
Úlfar Hauksson, varaformaður
Gunnlaugur Dan Ólafsson, ritari
Björn Jónsson, gjaldkeri
Hörður Högnason
Sigurður A. Sigurðsson
Sigurður Kr. Sigurðsson
Torben Friðriksson
Sveinborg Helga Sveinsdóttir
Guðmundur R.J. Guðmundsson
Jóhannes Rúnar Jóhannsson
Guðný Sigurðardóttir
Framkvæmdastjóri:
Sigrún Árnadóttir

Geislabaugur ekki skilyrði

Fyrir um 140 árum vann fjöldi sjálfboðaliða að því að draga úr þjóningum þúsunda særðra hermanna á blóðidrifnum vígvöllum Solferino á Norður-Ítalíu. Engu máli skipti hvorri fylkingunni fórnarlömbin tilheyrðu, allir áttu jafnan rétt á aðstoð. Framtakið vakti mikla athygli og varð kveikjan að stofnun Rauða krossins.

Í upphafi var hugmyndin sú að stofnaðar yrðu alþjóðlegar sjálfboðasveitir þar sem sérþjálfaðir sjálfboðaliðar hjálpuðu særðum á stríðstímum. Á þessum síðum má sjá að þótt flest verkefni Rauða krossins byggist enn á starfi hinna fjölmörgu sjálfboðaliða eru verkefni orðin mun fjölbreyttari. Jafnframt eru sjálfboðaliðarnir oftast bara venjulegt fólk en ekki sérþjálfaðir einstaklingar.

Þetta er venjulegt fólk sem vill eyða tíma sínum og vinnu til að starfa undir merkjum mannúðarsamtaka.

Við sem komum til liðs við Rauða krossinn gerum það af ýmsum ástæðum og fer Rauði krossinn ekki fram á að hetjuskapur né geislabaugur fylgi hverju og einu okkar. Við erum öll velkomin. Það er hins vegar sjálfsgagt að gerðar séu þær



Helga Bára Bragadóttir, Ísafirði

kröfur til okkar sjálfboðaliðanna að við þekkjum sögu Rauða krossins og ekki síður hugsjónir hans. Við störfum í nafni ákveðinna hugsjóna og verðum því að geta gert grein

fyrir þeim hvar og hvenær sem er. Það er jafnframt ekki nóg að við þekkjum grundvallarmarkmið Rauða krossins heldur verðum við að starfa eftir þeim af heilum hug. Hugsjónir Rauða krossins eiga að vera hugsjónir okkar. Með þessu móti verður starf Rauða krossins trúverðugra en ella. Við verðum virkir málsvavar þeirra sem starf Rauða krossins beinist að og ekki síður virkir talsmenn Rauða krossins og sérstöðu hans. Það má ekki vanmeta hlutverk sjálfboðaliða við að skapa ímynd hreyfingarinnar. Grunnurinn að því að skapa „réttu ímyndina“ er að allir sjálfboðaliðar hafi sérþekkingu – ekki við umönnun særðra á stríðstímum heldur sérþekkingu á sögu og hugsjónum Rauða krossins.

Eigum stórkostlega 7.-bekkinga

Árna Inga Ríkharróssyni, 32 ára húsverði, leiddist í fyrra og langaði til að verða almennilega að gagni. Var ekkert að tvínóna við það heldur arkaði inn á Sjálfboðamiðstöðina á Hverfisgötunni. Kraftar hans voru vel þegnir og hann hefur nú kynnt starfsemi Rauða krossins fyrir hundruðum 7.-bekkinga.

Árni hefur komið víða við á vinnumarkaðnum, meðal annars unnið á barnaheimili, í meðferðarheimilinu Virkinu hjá Götusmiðjunni og kokkað ofan í útlendinga á ferð um landið. Honum þótti húsvarðarstarfið hins vegar heldur dauflegt og fór því að leita fyrir sér. „Ég byrjaði á að fara niður í Samhjálp en þá vantaði engan. Svo hitti ég mann hjá Kirkjuhúsinu á Laugaveginum sem fór með mér upp í Rauðakrosshúsið á Hverfisgötu og þar var okkur sagt að það vantaði bílstjóra til að ferja fólk upp í Efstaleiti þar sem menn voru að halda upp á 75 ára afmæli Rauða kross Íslands í brjáluðu veðri. Nú, ég skellti mér bara upp eftir.

Skömmu síðar frétti Árni að nú

væri í bígerð að fara með kynningar á Rauða krossinum inn í 7. bekk grunnskóla. Gráupplagt, hugsaði Árni, og bauð sig fram. Hann hefur nú farið í tugi 12 ára bekkja. „Stundum þegja þau nánast allan tímann en yfirleitt sýna þau þessu mikinn áhuga. Það hefur eiginlega komið mér á óvart hvað krakkarnir eru frábærir. Ég hafði ímyndað mér að þetta yrði tómstund streð.“

Oftast byrjar Árni með því að sýna bekkjunum glærur um Rauðakrosshúsið, útskýrir því næst markmið Rauða krossins og hvetur svo til umræðna. Krakkarnir spyrja oft hvort maturinn í Rauðakrosshúsinu sé góður og hvort gistingin þar sé ókeypis. Sumir sýna starfsemi Alþjóða-Rauða krossins áhuga, en algengasta spurningin er: Hvernig nennir þú, og aðrir sjálfboðaliðar, eiginlega að vinna fyrir enga peninga?

Æðisleg samtök

„En þá segi ég: Fyrir mér er Rauði krossinn ekki bara til að hjálpa fólki heldur líka til að skemmta mér. Ég fór til dæmis á Samvörð 2000 sem fulltrúi Rauða krossins og það var



Ég fæ svo mikið út úr þessu sjálfur – ef það væri hægt að reikna það í peningum þá væru það margar milljónir, segir Árni.

rosalegt ævintýri. Lífið verður að vera skemmtilegt. Ef ég hefði fengið leiðinlega bekkja þá væri ég löngu hættur. En við eigum stórkostlega sjöundubekkinga. Og ég fæ svo mikið út úr þessu sjálfur – ef það væri hægt að reikna það í peningum þá

væru það margar milljónir. Svo er ég bara svo heillaður af Rauða krossinum og markmiðunum hans sjö – þau falla alveg að mínum lífsviðhorfum núna. Mér finnst Rauði krossinn hreinlega æðislegur.

„Það er komið að mér að hjálpa“



Aleko Gabútsjia var eitt sinn fórnarlamb stríðsátaka en nú er röðin komin að honum að hjálpa þeim sem þessa þurfa. Hann er önnum kafinn maður, forstjóri einnar af stærstu nikkilverksmiðjum heims í norðurhluta Rússlands, en finnur sér samt tíma til að starfa sem sjálfboðaliði fyrir Rauða krossinn.

Aleko var í fríi í heimabæ sínum, Súkhúmi við Svartahaf, þegar borgarastríðið braust út í Georgíu árið 1991. „Ég fór til annars bæjar en konan mín varð eftir í Súkhúmi sem var sprengd í tætlur,“ rifjar hann upp. „Ég fékk engar fréttir af henni fyrr en þeir hjá Rauða krossinum báðu mig að koma á skrifstofu þeirra í Tbilísi. Ég hélt að konan mín væri dáin, en 24. desember 1993 fékk ég bréf, skrifað með

hennar eigin hendi, þar sem hún sagði mér að hún væri á lífi.“

„Ég geymi ennþá öll 163 bréfin sem hún skrifaði mér og Rauði krossinn kom áleiðis á þessum tveimur árum eftir að ég fann hana. Ég ætla að varðveita þau til að sýna barnabörnunum mínum.“ Fyrirtæki Alekos hjálpar nú rússneska Rauða krossinum við að flytja hjálpargögn til einnar af afskekktustu byggðum Rússlands, Valetsjenko. Það er ekki orðum aukið að byggðin sé afskekkt því þangað er vikufé á vörubíl yfir íslagðar ár og aðrar torfærur.

„Innfæddir lifa á fisk- og hreindýraveiðum,“ segir Aleko. „Fyrirtækið okkar aðstoðar þá við flutning á eldsneyti og heldur staðnum þannig gangandi.“ Raunar er fyrirtækið stærsti vinnuveitandinn á svæðinu. Á tímum gúlagsins strítuðu fangar langa daga við að reisa þessa

gríðarstóru verksmiðju en nú fá verkamennirnir hin þökkalegustu laun á rússneskan kvarða, jafngildi um 58 þúsund íslenskra króna á mánuði. Staðir eins og Valetsjenko eru hins vegar of afskekktir til að njóta uppsveiflunnar sem hefur átt sér stað í Norílsk. „Lífið er allt annað og erfiðara þarna á sífreranum,“ segir Aleko. „Þarna sér maður skólaús börn með rennandi horinn á götum úti. Á sovétímanum var fólki séð fyrir nauðsynjum en nú hafa staðir eins og Valetsjenko gleymst. Þetta er harðbýlt svæði og harðneskjulegt. Lífshættir innfæddra eru okkur framandi en þeir kunna að bjarga sér á túndrunni. Við getum útvegað þær nauðsynjar sem þeir geta ekki aflað sér sjálfir. Það á hins vegar ekki að gefa þeim fisk sem búa við fengsæl fiskimið – þeir eiga fá að fiska sjálfir.“

„Þetta er allt annað og erfiðara líf þarna úti á túndrunni þar sem frost fer aldrei úr jörðu,“ segir Aleko.

Ekkert félagsmálafrík

Rúna Hilmarsdóttir er 34 ára kerfisfræðingur, einstæð móðir og sjálfboðaliði hjá Dvöl í Kópavogi. Hún er þegar farin að ala 4 ára soninn upp í Rauðakrossmennsku en hann var nýlega skráður félagi og varð afskaplega montinn þegar hann fékk Hjálpinu senda heim í pósti um daginn.

Rúna vinnur sem kerfisfræðingur í tölvudeildinni á Landspítala-háskólasjúkrahúsi og hefur starfað þar í rúm þrjú ár. Hún er raunar menntaður íslenskfræðingur og vann nokkur ár á ferðaskrifstofu áður en hún sneri sér að tölvunum. Það var einmitt einn af fastakúnnum ferðaskrifstofunnar sem var kveikjan að sjálfboðamennsku Rúnu. „Hún Sigríður Guðmundsdóttir hjá Rauða krossinum keypti alltaf miða hjá okkur og þegar hún kom einhvern tímann að sækja miða þá spurði ég hana út í

námskeið hjá URKÍ. Hún sagði mér endilega að drífa mig og ég gerði það. Ef Sigga hefði ekki verið að versla hjá okkur hefði ég örugglega aldrei komið mér af stað. Þetta var bara af forvitni, því ég er sko alls ekkert félagsmálafrík.“

Göngutúrar féllu ekki í kramið

Rúna byrjaði sinn sjálfboðaliðaferil á því að taka tvær vaktir í mánuði hjá Vinalínunni og gerði það í 2–3 ár. Þegar sonurinn kom í heiminn taldi hún rétt að hætta þessu sjálfboðavafstri en var stuttu seinna beðin um að koma í stjórn Kópavogsdeildarinnar. Hún sló til og hefur síðan verið sjálfboðaliði í Dvöl, athvarfi fyrir geðfatlaða í Kópavogi. Sjálfboðaliðar sjá um að halda athvarfinu opnu þrjá laugardaga í mánuði en vantar fleiri til að geta haft opið alla laugardaga. „Þegar við byrjuðum með Dvöl var voða kraftur í okkur og



„Það veitir manni skemmtilegan innblástur að átta sig á að fólk getur séð lífið með allt öðrum augum en við hin.“

við ætluðum að byrja á því að tæta fólkið út í göngutúra, rífa upp sundhóp og ég veit ekki hvað. En svo rákum við okkur fljótlega á að gestirnir vilja heldur sitja og spjalla saman yfir kaffi.“

Ólíkar lífsskoðanir eru mér innblástur

Þau mæðginin búa ein og Rúna á því orðið erfitt með að skreppa í burtu til að sinna félagsmálastússi. „Ég sagði mig úr stjórninni en ætla mér að halda áfram að starfa í Dvöl.

Þetta eru ekki nema 4–5 tímar á mánuði, þetta er bara eins og að skreppa í kaffi til vina sinna. Það eru ofsalega margir sem spyrja mig hvernig ég nenni eiginlega að standa í þessu. Ég mundi aldrei gera þetta bara til að næla mér í prik í himnaríki. Ég ráðlegg engum að fara í sjálfboðastarf af skyldurækni. Ég geri þetta vegna þess að mér finnst gaman að vera með fólki sem hefur aðra lífssýn en við sem erum úti á vinnumarkaðinum. Það veitir manni skemmtilegan innblástur.“

Ungliðar þjálfar ungliða

Daníel Þór Hafsteinsson er sennilega einn af mörgum 16 ára nemum í Flensborg sem hlustar á þýsku þungarokksveitina Rammstein og rapparann Eminem. Áreiðanlega er hann þó einn örfárra Flensborgara sem hefur starfað árum saman sem sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum.

Það var hún systir mín sem plataði mig í Rauða krossinn. Sagði að þetta væri svo gaman að ég yrði að prófa,” segir Daníel. Hann ákvað að kanna sannleiksgildi orða systur sinnar, tók að starfa með Hafnarfjarðardeild URKÍ og finnst svo gaman að hann er þar enn. Framundan er meðal annars viðamikil skipulagning því Daníel og fleiri sjálfboðaliðar ætla í sumar að standa fyrir stórtónleikum gegn ofbeldi. „Þetta verða rosalega flottir tónleikar með alvöru hljómsveitum.“

Duglegir krakkar

Í ungmennadeildinni í Hafnarfirði eru aðeins sex til sjö virkir félagar. Þau ákváðu fyrir nokkru að þjálfar ungliðadeild og hafa í vetur hitt reglulega um 20 manna hóp af



Daníel og félagar hans í Hafnarfjarðardeild URKÍ leggja sitt af mörkum til að glæða áhuga ungu kynslóðarinnar fyrir starfsemi Rauða krossins.

krökkum á aldrinum 9–13 ára. „Við erum að reyna að ná krökkunum áður en þau fara að æfa fótbolta eða finna sér önnur áhugamál,” segir Daníel. Hópurinn hittist oftast á sunnudögum og þá hafa eldri félagarnir útskýrt markmið Rauða krossins, sýnt krökkunum myndbönd, farið með þeim í leiki og einu sinni fóru þau í óvissuferð niður í sjálfboðamiðstöðina á Hverfisgötu með viðkomu í keilu í Öskjuhlíð.

Þetta starf hefur ekki verið til einskis og talsverður áhugi hefur vaknað hjá krökkunum. Þegar þau tilmæli komu að ofan að hin árlega pennasala skyldi fara fram í fyrir-tækjum – mótmæltu krakkarnir hástöfum. „Þau urðu barasta fúl af því að þau vildu fá að ganga í hús,

þannig að við ákváðum að leyfa þeim það.“ Með aðstoð góðra manna tókst URKÍ-H að selja alla sína penna. „Þetta eru rosalega duglegir krakkar.“

Hjálparstarf Rauða krossins alveg magnað

Og Daníel er ekki í þann veginn að hætta. „Það tekur því ekki, maður er kominn inn í hlutina þarna. Maður fræðist líka um ýmislegt. Mér hafði til dæmis aldrei dottið í hug áður en ég byrjaði í Rauða krossinum að það væri hlutlaust fólk sem færi sérstaklega til að hjálpa öðrum í stríði. Mér finnst alveg magnað hvernig Rauði krossinn getur hjálpað fólki.“

Kostaði kjark

Gréta Björgvinsdóttir er 37 ára fjögurra barna móðir sem fer tvisvar í mánuði í Rauðakrosshúsið við Tjarnargötu til að elda mat, sinna húsverkum og spjalla við unglिंगana sem þar dveljast.

Í næri tvö ár hefur Gréta starfað sem sjálfboðaliði í Rauðakrosshúsinu við Tjarnargötu en þangað leita unglिंगar af ýmsum ástæðum. Hlutverk Grétu er einkum að létta undir með starfsfólki hússins. „Við spjölum við krakkana, tökum til kvöldmatinn, svörum símanum og grípum í húsverk ef þau hafa setið á hakanum. Starfsfólkið þarna er alveg ótrúlegt. Við erum að koma þarna klukkan fjögur eða fimm á daginn og erum framundir átta en oft hefur verið svo mikið álag á starfsfólkinu að þeirra verkefni hafa hlaðist upp. Þannig að þegar við komum þá geta þau sest niður og klárað sín verkefni á meðan við tökum símann og förum til dyra.“

Fannst auglýsingin vera persónuleg áskorun

„Mig hefur alltaf langað til að leggja mitt af mörkum og þegar krakkarnir

Helgaði sig fátækum í 50 ár

Framtakssemi einstaklings varð til þess að menn drifu í að reisa fæðingarheimili og blindaskóla Rauða krossins í Orissa-fylki í austurhluta Indlands.

Þegar Satyanarayan Rao gekk til liðs við Berhampur-deild indverska Rauða krossins árið 1950 hvarflaði ekki að honum að hann ætti eftir að eyða eins miklum tíma í sjálfböðamennsku á kostnað eigin læknisstarfa og raun varð á. „Mig langaði til að fullnægja þeirri þörf minni að starfa fyrir fátækasta fólk bæjarins,” segir hann. En hann áttaði sig fljótt á því hvað vandinn var gríðarlegur.

Sjálfböðavinnan og læknisstörfin gerðu honum ljóst hvað fólk þjáðist vegna skorts á ríkisrekinni heilbrigðisþjónustu. Ófrískar konur voru sérstaklega varnarlausest og neyddust oft til að leita á náðir ómenntaðra læknafúska.

„Ég ákvað því að stofna fæðingarheimili í bænum og viðraði þá hugmynd við vini mína í Rauða krossinum. Peningar voru hins vegar stærsta hindrunin,” rifjar Rao upp. Þá kom sér vel að Rao þekkti mikið af valdamesta fólki bæjarins í gegnum Rótarýklúbb staðarins og með hjálp þeirra tókst honum að safna nægilegu fé til að reisa fæðingarspítalann.

Rao var staðráðinn í að gera Rauðakross-spítalann fyrirmynd annarra og fljótlega varð hann eitt vinsælasta fæðingarheimili bæjarins þar sem jafnvel ríkustu konurnar kusu að ala börn sín. Það var því harmsefni þegar spítalinn eyðilagðist í öflugum hvírfilbyl í október 1999 eftir 40 ára farsælan rekstur.

Rao var líka einn af forvígismönnum blindaskólans í bænum. „Sem læknir hittir ég mörg blind börn svo ég ákvað að koma þessari hugmynd á framfæri við Rauða kross

deildina hér. Nokkrum dögum síðar kom blindur drengur, Bijoy Rath, í heimsókn til mín. Hann var þá nýútskrifaður úr gagnfræðaskóla og vissi nákvæmlega hvað þurfti til að kenna sjónskertu fólki eins og honum. Skömmu síðar var opnaður heimavistaraskóli Rauða krossins fyrir blinda með fjórum nemendum og Bijoy varð fyrsti kennarinn.”

Þetta var árið 1974. Enginn nemandi skólans hefur fallið í árlegum samræmdum prófum í fylkinu og fjórir gamlir nemendur skólans kenna nú við framhaldsskóla fyrir sjáandi nemendur.



Rao Satyanarayan er nú orðinn 81 árs. Hann stofnaði fæðingarheimili og blindaskóla í heimabæ sínum.

Fæ meira út úr lífinu

Tvisvar í viku keyrir Guðjón Frímansson, fyrrverandi sjómaður, 15 kílómetra leið upp í fataflokkunina við Gylfaflöt til að ganga frá fötum sem landsmenn hafa gefið þeim sem á þurfa að halda.

Fataflokkunarstöðin við Gylfaflöt í Grafarvogi er á vegum Rauða kross deilda á höfuðborgarsvæðinu og Guðjón er einn af sjálfböðaliðum Hafnarfjarðardeildarinnar. Það var fyrir tilviljun að Guðjón flæktist inn í starfsemi Rauða krossins. Hann var farinn að venja komur sínar í hús eldri borgara í Hafnarfirði fyrir nokkrum árum og þangað kom eitt sinn hjúkrunarfræðingur sem bað hann að hjálpa sér eina kvöldstund eða tvær við að flokka föt. „Ég gerði það og síðan hef ég verið þarna fast tvo morgna í viku í tæp þrjú ár.”

Mikið af ungum mæðrum

Milli 20 og 30 tonn af fötum koma úr söfnunargámum Sorpu upp í Gylfaflöt í hverjum mánuði. Fyrst eru fötin flokkuð og pakkað eftir stærðum og síðan eru þau ýmist send í gámi til útlanda eða gefin hér innanlands. „Það kom mér mjög á óvart hvað það er mikið af ungu fólki hér á landi sem þarf á hjálp að halda. Við fáum talsvert af ungum mæðrum sem vantar föt á börnin sín. Þær hafa verið alveg sérstaklega þakklátar fyrir það sem við erum að láta þær hafa.”

Einnig er talsvert um að eldra fólk hafi samband. Guðjón telur þó að fatasöfnunin nýtist ekki nægilega vel hér innanlands. „Það er fullt af fólki sem þarf á þessu að halda en

það vantar hins vegar sjálfböðaliða til að kynna þetta.”

Guðjón var sjómaður lengst af ævinnar en starfaði undir lokin hjá Siglingamálastofnun. Hann er ekkill og á fimm uppkomin börn, tólf barnabörn og meira að segja þrjá langafastráka. „Eftir að ég hætti að vinna þá vantaði mig eitthvað að hafa fyrir stafni og þegar ég var beðinn um þetta þá hellti ég mér bara út í fataflokkunina. Ég fæ mun meira út úr lífinu vegna þessarar vinnu. Þó að ég sjái ekki fólkið sem ég er að hjálpa þá veit ég að ég er að hjálpa til.”



Guðjón Frímansson biður fólk endilega um að loka vel fatapokunum áður en þeir fara ofan í gáminn. Annars getur mikið af fötum farið til ónýtis.



„Þetta eru skemmtilegir krakkar og þau sýna alltaf sínar bestu hliðar við okkur sjálfböðaliðana,” segir Gréta.

mínir voru skriðnir úr fanginu þá opnaðist tími til þess. Ég ákvað bara að breyta til, kynnast nýjum flötum á tilverunni. Mig langaði til að gera eitthvað allt annað en ég er að gera alla daga. Ég hef alltaf haft gaman af börnum og sérstaklega unglíngum þannig að ég ákvað að prófa þetta,” segir Gréta en yngsta barnið hennar er nú orðið 8 ára. Þau hjónin reka saman ljósmyndastofu í Hafnarfirði og þar vinnur Gréta hluta úr degi. „Ég er eiginlega búin að vera heima í 15 ár, fyrir utan að hlaupa hingað á álagstímum, og það var kominn

tími á að gera eitthvað annað. Þegar ég sá svo auglýsingu í blaði frá Rauða krossinum þá fannst mér hún vera eins og áskorun til mín.” Gréta viðurkennir að hún þurfti að taka á honum stóra sínum til að hafa samband við Rauða krossinn eftir að hafa lifað svo vernduðu lífi innan veggja heimilisins í hálfan annan áratug. „Ég er feimin að eðlisfari þannig að það kostaði kjark að stíga þetta skref inn í umhverfi sem ég þekkti ekkert. En ég sé ekki eftir þessu og ætla að halda áfram á meðan mér finnst þetta gaman.”

Félagsfræðinemi í fangaheimsóknum

Susan Wilson, 28 ára, hefur heim-sótt fanga á Litla Hrauni reglulega undanfarin fjögur ár. Þær heim-sóknir hafa verið henni mikils virði en hún er nemi í félagsfræði með mikinn áhuga á afbrotufræði, sjálfböðavinnu og hinum marg-víslegu hliðum mannskeppunnar.

Kynni Susan af Rauða krossinum hófust þegar hún mætti á URKÍ-fund fyrir um fjórum árum og ákvað síðan að gerast sjálfböðaliði í Rauðakrosshúsinu í Tjarnargötu. Síðar frétti Susan af fangaheimsöknum og byrjaði árið 1997 að heimsækja fanga á Litla Hrauni tvisvar í mánuði.

Spjöllum um daginn og veginn

„Ég fór í þetta af áhuga á afbrotufræði og vegna þess að ég hef sam-úð með fólki. Ég hef heimsótt fimm fanga á þessum tíma, lengst heim-sótti ég mann í næstum tvö ár,“ segir Susan. „Aðstæður hjá fangun-

um eru mjög misjafnar. Þó að þeir eigi stórar fjölskyldur þá þurfa sumir virkilega á því að halda að spjalla við einhvern utanaðkomandi. Samfélagið er búið að dæma þá, stundum hafa ættingjarnir lokað á frekari samskipti og þá þurfa þeir einhvern hlutlausan sem lítur á þá sem mann-eskju en sjá ekki fyrst afbrotið sem þeir hafa framið.“

Fangarnir hennar Susan hafa setið inni fyrir afbrot af öllu tagi en hún hefur lagt það í vana sinn að spyrja einskis þegar henni er úthlut-aður fangi. „Ég kys að láta manninn sjálfan segja mér fyrir hvað hann situr inni. Ef hann segir ekkert þá er það í finu lagi. Ég sit yfirleitt hjá þeim í einn til tvo klukkutíma og við erum að tala um allt milli himins og jarðar, það sem var í fréttum, nýj-asta tölvuforritið, bíómyndina í sjónvarpinu í gær, ættingjana. Sumir vilja helst ekki um annað tala en afbrotin og dóminn en yfirleitt spjöll-um við aðallega um daginn, veginn og framtíðarplönin.“



Susan furðar sig á því hve lítil endurhæfing á sér stað á Hrauninu. „Þetta er bara refsivist.“

Hraunið er bara refsivist

En hvað skyldi hafa komið Susan mest á óvart á þessum árum? „Mér hefur þótt undarlegt hve lítil betrubót á sér stað á Hrauninu. Þetta er bara refsivist. Auðvitað er vinna á staðnum, þeir eru með

íþróttahús og sumir hafa nóg við að vera. Aðrir eru hins vegar langt niðri og þurfa kannski að bíða vikum saman eftir að fá að tala við geðlækni eða sálfræðing. Ef það á að vera raunveruleg endurhæfing í gangi þá þurfa þeir að vera í stífri meðferð.“

Innblásin af öðrum sjálfböðaliðum

Á fyrri helmingi ársins 2000 var Astrid Heiberg, forseti Alþjóða-sambandsins, aðeins 30 nætur heima með fjölskyldu sinni. Astrid, sem áður var forseti norska Rauða krossins, er innblásin af starfi milljóna félaga og sjálfböðaliða hreyfingarinnar. Með þeim líður henni eins og heima hjá sér.

Ástríður sneri heim til Noregs fyrir skömmu eftir mánaðar-dvöl í Afríku þar sem hún varði meginhluta tíma síns til að heimsækja sjálfböðaliða Rauða krossins og Rauða hálfmánans sem flestir sinna hluta af þeim 30 millj-ónum Afríkumanna sem eru HIV-smitaðir eða alnæmissjúkir. Sem æðsti sjálfböðaliði hreyfingarinnar hefur hún lagt á það ríka áherslu í starfi sínu að sýna skilning á þeirri vinnu sem starfsmenn og sjálfböðaliðar landsfélaganna inna af hendi. Hún vill tryggja að framlag þeirra sé metið að verðleikum.

„Aðalfrankvæmdastjórinn í Simbabwe sem tók í sína umsjá 36 ungbörn sem voru skilin eftir á úti-dyratröppunum á spítalanum hennar;



Astrid Heiberg slakar á með félögum sínum í sjálfböðaliðasveit norska Rauða krossins.

borgarstjórinn í Búlgaríu sem tók forystu í björgun slasaðs skíða-manns; konan í Mongólíu sem þrátt

fyrir eigin fátækt vann hörðum höndum að því að bæta líf götu-barna; og fólkið í Kólumbíu sem

kenndi skólabörnum að bregðast við hamförum – án þess að vita að þjálfunin mundi bjarga lífi þeirra innan fárra daga – þetta fólk veitir mér innblástur,“ segir Ástríður Heiberg.

Eftir meira en þriggja ára starf sem forseti Alþjóðasambandsins segir Astrid að staðan hafi fáa galla. „Stundum flögrar að mér að það gæti verið gaman að vera heima á afmælisdaginn en þá verður mér hugsað til allra þeirra sem fórnar tíma sínum og kröftum fyrir Rauða krossinn og Rauða hálfmánann og finnst þá forréttindi að fá að vera í forsvari fyrir þennan hóp.“

Læknirinn norski hefur ákveðnar hugmyndir um hvernig má laða sjálfböðaliða að hreyfingunni í framtíðinni. „Fólk einangrast of auðveldlega í samfélagi nútímans. Fjarskipta-tæknin hefur að mörgu leyti dregið úr fjarlægðum í samskiptum en um leið hefur hún fjarlæggt fólk hvort frá öðru. Ég held að fólk vilji rétta fram hjálparhönd en finnst það ekki hafa tækifæri til þess. Við verðum að sjá til þess að veita þessu fólki tækifæri til að leggja sitt af mörkum.“

Hleypa birtu í myrkrið

Anahít Bagdassarjan er í hópi sjálfboðaliða sem sinnir sex fátækum og einmana öldruðum flóttamönnum í Jerevan. Hún hefur verið sjálfboðaliði hjá armenska Rauða krossinum í fimm ár og hefur mikinn áhuga á að betrubæta samfélagsþjónustuna.



„Það er forgangsmál í mínu lífi að aðstoða fólk og gleðja.“

Það er sannfæring Anahítar að stuðningur við þá sem eru hjálparþurfi feli í sér miklu meira en aðstoð við að útvega nauðþurftir. Þess vegna leggur hún sálina alla í vinnu sína sem umsjónarmaður sjálfboðaliðahópsins sem annast sálgaeslu við flóttamennina sex.

„Flóttamennirnir höfðu varann á sér gagnvart okkur til að byrja með enda þjuggust þeir ekki við öðru en nauðþurftum. Smám saman tókst

okkur þó að brjóta ísinn og verða óaðskiljanlegur hluti af lífi þeirra,“ segir Anahít, sem er 39 ára.

Flóttamennirnir komu til Armeníu tíu árum eftir að þeir flúðu átökinn í Nagorno-Karabakh. Þeir búa á litlum, yfirfullum hótelum í höfuðborginni Jerevan í pínulitlum kytrum sem allt í senn eru eldhús, svefnherbergi og stofa. Vatn þarf að sækja í fötum og stundum er ekkert vatn fá-

anlegt. Flóttamennirnir líða ekki bara örbirgð heldur líka nístandi einsemd.

Jevgenía Oganova, 89 ára, og 75 ára gömul systir hennar, Emma, hlakka alltaf til heimsóknanna hennar Anahítar sem eru notalegar stundir í erfiði hversdagsins. Systurnar heilsa gestinum og kaffæra hann í faðmlögum og kossu. „Anahít er alveg einstök manneskja,“ segir

Jevgenía. „Hún er okkur allt: vinur, ættingi og dóttir. Hún hleypir birtu inn í myrkrið.“

Systurnar hafa misst samband við flesta ættingja sína og vini sem yfirgáfu svæðið í leit að betra lífi. Anahít fylgist með bréfaskriftum þeirra sem enn halda sambandi en hefur áhyggjur af Jevgeníu og Emmu ef þeir hætta líka að skrifa.

Sjálfboðaliðasveitir Rauða krossins laða að sér fólk af öllum toga og um það er Anahít gott dæmi. Hún útskrifaðist frá háskólanum í Jerevan með gráðu í eðlisfræði og hóf störf sem verkfræðingur. Hún missti hins vegar starfið og ákvað þá að gerast félagi í Rauða krossinum eftir að hafa kynnst starfseminni í gegnum systur sína. Ástæður hennar eru einfaldar: „Það er forgangsmál í mínu lífi að aðstoða fólk og gleðja.“

Öllum hollt að kynnast annarri menningu

Kynni Ragnar Þorgeirssonar, 32 ára, af Rauða krossinum urðu sannarlega afdrifarík. Ævintýralöngun og forvitni rak hann á námskeið hjá URKÍ. Nokkrum mánuðum síðar hélt hann til 6 mánaða dvalar í Gambíu og á nú tvö hálf-gambísk börn.

Það var árið 1993 sem Ragnar rak augun í hina örlagaríku auglýsingu frá URKÍ. Hann stundaði þá nám í guðfræði í háskólanum og fannst möguleikinn á að komast til Afríku sem sjálfboðaliði heilandi. „Sá draumur rættist og þetta var afar lærdómsrík ferð. Það er öllum hollt að vera hent inn í aðra menningu. Þetta stendur eiginlega upp úr mínu Rauða kross starfi en síðan kræktist maður bara á sjálfboðamennskuna.“

Með þyrlu til Flateyrar

Ragnar lauk aldrei guðfræðinni heldur sneri sér að tölvum og hefur starfað sem kerfisfræðingur, fyrst hjá Landssímanum en núna hjá Íslandssíma. Hann hefur komið víða við í Ungmennahreyfingu Rauða krossins; tekið vettvangsvaktir í miðbænum um helgar til að aðstoða unglinga, verið leiðbeinandi í skyndihjálpi, sjálfboðaliði í Rauðakrosshúsinu í Tjarnargötu og um tíma var hann í útkallshóp Rauða krossins sem var settur á fót fljótlega eftir

snjóflóðið á Súðavík. Þegar snjóflóð féll síðan á Flateyri nokkrum mánuðum síðar var Ragnar kominn á staðinn sex tímum eftir flóðið. Þar starfaði hann sleitulaust í sjö sólarhringa við sjálfboðastörf, meðal annars við að skrá fólk og útvega því húsnæði. Flestar útfarirnar voru fyrir sunnan og Rauði krossinn sá einnig um að útvega syrgjendum gistingu og flug til Reykjavíkur.

Þóttu agalausir og fordekraðir

„En nú er ég hins vegar að verða gamall og ætti að fara að hætta þessu,“ segir hinn rösklega þrítugi Ragnar og brosir út að eyrum. Hann á nú tvö börn og hefur því ekki sama tíma og áður til að sinna sjálfboðavinnu. „En svo var ég plataður til að verða einn af þremur leikstjórnendum í hlutverkaleiknum Á flóttu. Það hentar ágætlega, er mikil vinna í stuttan tíma. En hóparnir sem hafa tekið þátt í þessu eru rosalega misjafnir. Dönunum sem voru með okkur í fyrstu tveimur leikjunum fannst íslenskir unglingar algerir aumingjar og það verður að viðurkennast að þau eru ekki vön mikilli útiveru og eru ansi dekrud. Við vissum til dæmis af tveimur sem hættu við að vera með bara af því að þær gátu ekki verið með gsm-símana sína! En það gerir leikinn líka áhrifameiri fyrir þau. Við erum hins vegar búnir að laga leikinn að íslenskum unglungum og ráðum orðið vel við hann.“



Sjálfboðaliðastörf eru meðal þess sem Ragnar telur upp á atvinnuumsóknunum. „Ég er alveg viss um að þau hafa ákveðna vígt – það er alltaf vinsælt að vilja bjarga heiminum.“

Á bókasafninu í 33 ár

Í 33 ár hefur Inger Þórðarson tekið strætó upp á Borgarspítala (Landspítala-háskólasjúkrahúsi í Fossvogi) einu sinni í viku og lánað sjúklingum þar bækur til að stytta þeim stundir í veikindunum. Rósklega áttæð er hún enn að.

Inger hefur unnið á sjúklingabókasafninu á spítalanum í Fossvogi síðan það opnaði árið 1968. Hún flutti á Frónið árið 1945, þá 25 ára gömul, ásamt íslenskum manni sínum sem hafði orðið innlykka á stríðsárunum í Danmörku þar sem hann stundaði nám í læknisfræði. Hann varð síðar yfir-læknir á Borgarspítalanum. En árið 1968 voru börn þeirra uppkomin og Inger átti því gott með að komast að heiman til að sinna sjúklingabókasafninu í tvo tíma á viku. Þótt Inger sé orðin 81 árs hyggst hún halda þessu áfram á meðan hún hefur krafta til. „Mér finnst þetta mjög

gefandi og skemmtilegt starf – nú og svo gerir maður eitthvert gagn.“

Sjúklingarnir veikari en áður

Inger segir bókasafnið hafa komið sjúklingum að góðum notum en margt hefur breyst á síðustu árum. „Sjúklingarnir eru sendir heim eins fljótt og hægt er og stoppa því orðið stutt við á spítalanum. Þannig að útlánnum hefur fækkað. Því miður,” segir Inger, en bætir því við að útlánnum hljóðbóka hafi fjölgað enda séu sjúklingarnir sem liggja inni veikari nú en áður og finnst því þægilegra að hlusta en lesa.

Ágóði af jólabasar Kvinnadeildar RKÍ rennur allur til bókakaupa fyrir bókasöfnin á sjúkrahúsunum. Bókasafnið er opið þrjá daga í viku hverri og safnið er mannað með 19 sjálfboðaliðum, einkum konum um og yfir sextugt. „Það er erfitt að fá ungar konur í þetta, þær eru flestar



Konurnar taka aðallega ástar- og skáldsögur en karlarnir eru meira fyrir ævisögurnar, segir Inger.

útivinnandi. En spítalinn gæti aldrei rekið bókasafnið með bókasafnsfræðing á launum. Ekki þegar það er sífellt verið að tala um að spara og

sjúklingarnir látnir liggja hér á göngum. Mér finnst ekki hægt að láta sparnaðinn alltaf bitna á sjúklingunum.“

Ahmad finnur til með flóttamönnum

Þrátt fyrir miklar annir og þétt-skípaða dagskrá sem leikari og kvikmyndaleikstjóri hefur Ahmad Najafi lengi fundið sér tíma til að starfa sem sjálfboðaliði fyrir íranska Rauða hálfmánann.

Árið 1994 varð Ahmad að velja á milli þess að sinna starfsframa sínum eða rétta bágstöddum hjálparhönd. Án þess að hika valdi hann hið síðarnefnda. „Mér var mjög umhugað um að hjálpa þessu flóttafólki og ákvað að fara þótt ég hefði skuldbundið mig til ýmissa verka vegna starfsins. Ég hef sjálfur staðið í þeirra sporum og á mjög slæmar minningar frá þeim tíma þegar fólk flúði unnvörpum frá heimabæ mínum, Khorramshahr, og fleiri landamæraborgum meðan stríðið milli Írans og Íraks geisaði.“

Reynsla Ahmads kom að góðum notum í Aserbaídsjan. Sem fyrrverandi flóttamaður áttaði hann sig fljótt á því hvers konar aðstoð vantaði og hverjir þyrftu helst á henni að halda. „Þegar við komum á staðinn voru margir, konur, karlar og

börn, enn andlega beygðir eftir það sem gerðist. Ég vissi að alþjóðleg mannúðarsamtök sæju um að útvega þeim mat, föt og hútaskjól. En hvað um andlegar þarfir þeirra?“ spyr Ahmad.

Hann vissi að tilhneigingin er sú að vanmeta í neyðaraðstoð það sálræna áfall sem margir verða fyrir þegar þrengir að. Þegar laus stund gafst frá matvæladreifingunni leitaði Ahmad því uppi fólk sem hann taldi að þarfnaðist sálrænnar aðstoðar. Leitaði uppi þá sem voru umluktir þykkri þögn og stöðu tómlega í gegnum alla í kringum sig. „Ég reyndi að nálgast þetta fólk og koma þeim skilaboðum áleiðis að þau stæðu ekki ein,” segir þessi 52 ára gamli leikari sem er kvæntur og á tvö börn.

Eftir 38 ára sjálfboðavinnu heldur Ahmad enn í vonina um að allir flóttamenn geti einn góðan veðurdag snúið aftur til síns heima. „Jafnvel þó að þeim fylgi alltaf þjáningar flóttans þá er enginn vafi á því að heima er betri staður,” segir hann.



Ahmad hefur starfað sem sjálfboðaliði fyrir Rauða hálfmánann síðan 1963 og heldur enn í vonina um að allir flóttamenn geti einn góðan veðurdag snúið aftur til síns heima.

Þarf styrk til að höndla stórslys

Peter Teahen hefur verið sjálfboðaliði hjá bandaríska Rauða krossinum í fimm ár og á þeim tíma orðið vitni að djúpri sorg aðstandenda. Það er hins vegar þakklæti þeirra sem rekur hann áfram.

Sterkar og ofsafengnar tilfinningar grípa fólk í kjölfar stórslysna og náttúruhamfara og það eru þessar tilfinningar sem eru efstar í huga sjálfboðaliðans Peters Teahens þegar hann lítur yfir ár sín sem sjálfboðaliði. „Hvert stórslys á sína sögu,” segir Peter, „og það eru alltaf líkamlegar, tilfinningalegar og andlegar hliðar á þessum atburðum. Það eru hins vegar tilfinningarnar sem sitja eftir í minninu.“

Sem félagi í flugviðbragðasveit bandaríska Rauða krossins var Peter

einn af þeim sem hjálpuðu aðstandendum að takast á við hið hörmulega flugslys 31. október 1999 þegar flugvél frá Egypt Air hrapaði við austurströnd Bandaríkjanna og allir um borð fórust. Hann var fulltrúi Rauða krossins í hópi þeirra sem skipulögðu minningarathöfnina sem var haldin við sjávarsíðuna svo ættingjar hinna látnu gætu snert vota gróf ástvina sinna.

Premur mánuðum síðar tók Peter þátt í að aðstoða aðstandendur þeirra sem létust þegar Alaska Air flugvél hrapaði 30 kílómetra frá flugvellinum í Los Angeles. Í minningarathöfninni sleppti hann fiðrildi um yfir slyssaðinn, að hætti bandarískra indjana, með þessum orðum: „Fiðrildi eru málleysingjar og því verða óskir ykkar vel varðveittar á flugi þeirra til himna þar sem þær rætast.“



Peter Teahen (til hægri) á æfingu hjá flugviðbragðasveit bandaríska Rauða krossins. Hann vinnur nú að stofnun þjálfunarmiðstöðvar fyrir bandaríska sjálfboðaliða sem taka þátt í aðstoð eftir mannskæð stórslys.

Peter er 47 ára, frá Cedar Rapids í Iowa-fylki. Hann ákvað að gerast félagi í Rauða krossinum eftir hryðjuverkið í Oklahoma City í apríl 1995 þar sem sprengja grandaði tugum manna. Síðan hefur hann tekið þátt í hjálparstarfi eftir ýmsar hörmungar, meðal annars fellibylinn Hortense í Puerto Rico árið 1996, Cincinnati-flóðin og hvirfilbýllinn Paka í Guam árið 1997, og fellibýljina Brett og Dennis árið 1999.

Peter segir lífsnauðsynlegt fyrir sjálfboðaliða sem lenda í svo erfiðum aðstæðum að fylgjast vel með andlegri heilsu sinni svo að þeir séu

í stakk búnir til að hjálpa öðrum í neyð.

„Það er sama hve djúpur sársaukinn er, umhyggja og samúð birtast eins í öllum menningarsamfélögum. En allir sem bregðast við hörmungum þurfa að gæta þess vandlega að láta sorgina ekki buga sig. Það skiptir öllu að vera í góðum tengslum við eigin tilfinningar, að geta skilið sjálfan sig frá hjálparstarfinu, svo maður geti veitt fórnarlömbum hörmunga heiðarlega, samúðarríka og skilvirka aðstoð.“

Vinalínan kveikti áhugann

Fyrir um tíu árum tók Þór Gíslason ljósmyndari þátt í að gangsetja Vinalínuna og hefur nánast óslitið síðan setið í ýmsum stjórnum og nefndum Rauða kross Íslands.

Ég hafði nokkra reynslu af svona sjálfshjálparstarfi eftir að hafa farið í meðferð og síðan starfað sem ráðgjafi hjá SÁA. Ég vissi því vel hvað það er stór hluti af sjálfshjálpi að leita stuðnings og að veita stuðning – þannig að Vinalínan kveikti áhuga minn og síðan hef ég ekki losnað!“ segir Þór, 37 ára, sem fluttist búferlum til Húsavíkur ásamt fjölskyldunni fyrir fimm árum og setti þar upp ljósmyndastofu. Það reyndist erfitt að láta stofuna bera sig og nú starfar hann hjá Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga.

Purfum leiðandi unglinga

Þór er ritari í stjórn Húsavíkurdeildarinnar, formaður Svæðisráðs Rauða krossins á Norðurlandi og hefur ungmennamálin og neyðarvarnir á sinni könnu. Það hefur gengið upp og ofan að laða hús-



Ungmennastarfið úti á landi stendur og fellur með því að ná inn leiðandi unglungum, segir Þór.

vísk ungmenni til liðs við Rauða krossinn. „Ungmennastarfið á landsbyggðinni stendur og fellur með því að ná inn leiðandi unglungum. Við vorum með þrjár til fjórar mjög öflugar stúlkur sem náðu að draga til sín stóran hóp af krökkum sem var mjög virkur. Þegar þær hurfu á brott höfum við ekki náð inn til okkar einstaklingum sem eru bæði leiðandi og drifandi. Ungmennastarfið er eiginlega í algjörrri lægð.“

Einstök verkefni, grunnnámskeið fyrir ungt fólk, þátttaka í Á flóttu og ævintýraferð tveggja ungliða til Lesótós virðast ekki hafa skilað nægilegum áhuga til að starfa varanlega með Rauða krossinum. „Það er svo margt í boði fyrir unglinga hérna, öflug björgunarsveit, skátarnir og íþróttirnar. Þeir virðast hafa yfirdrifið nóg að gera og sjálfboðastörf eru ekki inni. Rauða kross starfið fellur hins vegar mjög vel að minni persónu. Rauði krossinn vinnur oft þannig að hann finnur þörf, uppfyllir hana og kemur svo verkefni um yfir á aðra þegar búið er að sýna fram á að þörfin er fyrir hendi. Og mér lætur einmitt vel að byggja upp og koma í gang og snúa mér svo að öðru.“

Áfall að kynnst alvöru fátækt

„Þegar ég var lítil ætlaði ég að verða læknir á stríðsátakasvæðum,” segir Auður Jóhannesdóttir, 25 ára tölvufræðingur. Hún missti áhugann á læknisfræðinni þegar leið á unglingsárin en ákvað þó að láta eitthvað gott af sér leiða og gekk í URKÍ fyrir nokkrum árum.

Auður er tölvunarfræðinemi við Háskóla Íslands en var nýlega ráðin þjónustustjóri hjá tölvufyrirtækinu Teymi og tekur námið nú með vinnu. Auður er barnlaus, í sambúð og hefur undanfarin fimm ár verið sjálfbóðaliði í Vin, athvarfi fyrir geðfatlaða á Hverfisgötunni. „Ég hef alltaf verið dálítið veik fyrir Rauða krossinum og þegar sá kynningarfund hjá URKÍ auglýstan fyrir um sjö árum þá dreif ég mig á fund og hef verið viðloðandi starfið síðan.”

Kaffispjall á sunnudögum

„Sjálfbóðaliðarnir sjá um að halda Vin opinni á sunnudagseftirmiðdögum á veturna og yfir hátíðar. Þetta er ekki mikið vinnuframlag, við mætum þarna tvisvar í mánuði í um 3 tíma í senn og erum aðallega að tala við gestina, hella upp á kaffi og hafa það gott. Það er virkilega gaman að fá að fylgjast með þessum litlu áfangasigrum í lífi gestanna. Þau eru að komast út af Kleppi,



„Ég held það mætti vinna meira í því að fá háskólanema inn í sjálfbóðastarfið því þeir hafa sveigjanlegan vinnutíma,” segir Auður.

flytja inn á sambýli, fá vinnu. Þetta eru stóratburðir í lífi þessa fólks en úti í hraða þjóðfélagsins finnst manni þetta svo sjálfsagt allt saman.”

Auður fór upphaflega ein af stað í sjálfbóðamennskuna en hefur smitad vinkonu sína sem tekur nú virkan þátt í starfinu. „Ég held að fólk átti sig ekki almennilega á því hvað þarf lítið til að láta gott af sér leiða. Þetta gefur mér ofsalega mikið. Ég hef lært ótrúlega mikið um mannleg samskipti á þessum tíma og svo öðlast maður ákveðinn félagslegan

þroska. Ég kem úr svo vernduðu umhverfi, hef alist upp í bómull en þarna áttar maður sig á því að það er fólk hérna í þjóðfélaginu sem hefur það skitt.”

Öryrkjar búa við ömurlegar aðstæður

„Það var rosalegt áfall í upphafi að kynnst fólki sem er raunverulega fátækt. Ég vissi ekkert hvað fátækt var. En ég held að stærsta hindrunin í lífi þessa fólks séu fordómarnir í þjóðfélaginu, jafnvel gagnvart al-

gengum sjúkdómum eins og þunglyndi. Það var heilmikið þúður sett í átak um vélindabakflæði í vetur, sem ég efast ekki um að er ákaflega óþægilegur kvilli, en hann er líka „venjulegur” sjúkdómur sem hægt er að lækna með einföldum aðgerðum. Það fór hins vegar minna fyrir geðræktaráttakinu því geðsjúkdómar eru ennþá tabú. Ég held að fjöldinn átti sig ekki á því hvað öryrkjar hér búa margir við ömurlegar aðstæður. Fyrir þá skipta staðir eins og Vin miklu máli.”

Sjúkravinur í 24 ár

Einu sinni í viku fær kona á Akranesi heimsókn frá sjúkravini Rauða krossins. Hún er komin á nírræðisaldur og kemst lítið úr húsi. Sveinsína Andrea Árnadóttir hefur árum saman heimsótt þessa konu sem sjúkravinur Akranesdeildarinnar og þær eru orðnar miklar vinkonur.

„Við bara náum svo vel saman,” segir Sveinsína sem hefur verið sjúkravinur á Akranesi í ein 24 ár. Hún bætir því við að margir Akranesbúar séu í sömu stöðu og þessi kona. Kveikjan að sjálfbóðastarfi Sveinsínu var einmitt þegar hún frétti af konu sem var nýstigin upp úr veikindum og komst lítið út.

Sjúkravinir Akranesdeildar hafa nú starfað í 24 ár og Sveinsína gekk til liðs við þá strax í upphafi. Í byrjun heimsóttu sjúkravinirnir eingöngu eldri borgara sem lágu sjúkir heima og komust ekki út úr húsi.

Þegar dvalarheimilið Höfði var opnað breyttist starfsemin. Síðan hafa sjúkravinir á Akranesi skipst á um að halda félagsvist á dvalarheimilinu á hverju fimmtudagskvöldi og fyrir jólin færa þær fötluðum á sambýli jólagjafir.

Margir einir

Með tilkomu dvalarheimilanna hafa orðið miklar breytingar á aðbúnaði eldra fólks, segir Sveinsína, og því hafa sjúkravinir undanfarin ár einbeitt sér að þeim sem liggja á sjúkradeildum. Í haust varð hins vegar breyting á þegar ákveðið var að skipuleggja almenna heimsóknarþjónustu. Ekki bara fyrir aldraða heldur líka sjúklinga, öryrkja, einstæðar mæður og aðra þá sem eru bundnir við heimilið. „Ég veit að talsvert margir sem eru einir heima hefðu gaman af því að fá fólk í heimsókn.”



Sveinsína á sjálf stóra fjölskyldu, fjögur börn, tíu barnabörn og þrjú langömmubörn, en hefur samt gefið sér tíma til að vera sjúkravinur síðastliðin 24 ár.

Gulli sendill á hjólinu



Gulli við þriggja gíra hjólið sitt sem dregur vagninn góða frá Flytjandi.

Gulli sendill sendist fyrir Ísafirðinga eftir hádegi og í hvert skipti sem Rauða kross deildina vantar flutning á fötum er hann kominn að vörmu spori og flytur fatasendingar frítt niðrá höfn.

Gunnlaugur Ingi Ingimarsson, 35 ára, starfar í matvöruversluninni Samkaupum á Ísafirði á morgnana en eftir hádegi er hann sendill hjá fyrirtækinu Flytjandi – sem flytur allt frítt fyrir Rauða kross deildina á Ísafirði. „Hún Bryndís svæðisfulltrúi hringir stundum daglega í mig þegar það er komið mikið af fatnaði og þá keyri ég til hennar, fylli vagninn og fer með fötin niðrá stöð. Svo keyra bílarnir þetta suður,” segir Gulli sem sendist allra sinna ferða á nýlegu þriggja gíra hjóli með stórum vagni.

Mín er ánægjan

Gulli bjó áður í Reykjavík og starfaði þá hjá Sendibílastöð-

inni í Borgartúni en flutti til Ísafjarðar fyrir fjórum árum. „Þá auglýsti ég hérna í blöðunum ásamt mynd og Rauði krossinn svaraði auglýsingunni. Það eru allir farnir að þekkja mig hérna. Ég er með nokkra fasta kúnna og þeir borga auðvitað fyrir sendiferðina en það er alltaf frítt fyrir Rauða krossinn.”

„Ég fæ líka stundum senda gíróseðla frá Rauða krossinum þegar það er verið að safna fyrir hungruð börn og þá borga ég alltaf,” segir Gulli. En af hverju ákvað hann að keyra frítt fyrir Rauða krossinn? „Ég vil styrkja Rauða krossinn og mér finnst það vera mín ánægja að keyra fyrir hann. Ég vil gera fólki gott,” segir Gulli sem líður vel á Ísafirði. „Ég vil vera með mín viðskipti hérna. Það er svo erfitt að búa í Reykjavík, það eru svo miklar vegalengdir. Hér eru engar brekkur, það þarf ekki að taka strætó, ég er með góða íbúð og búinn að kynnast mörgu góðu fólki.”

Stríðshörmungarnar hvöttu Mussaed til dáða

Persaflóastríðið varð til þess að Mussaed ákvað að gerast sjálfboðaliði hjá Rauða hálfmánanum í Kúveit. Tíu árum síðar hefur brennandi áhugi hans á hjálparstarfi ekkert dvínað.

Stríð snerta fólk á ólíkan hátt en Mussaed upplifði hörmungar Persaflóastríðsins svo sterkt að hann sannfærðist um að honum bæri skylda til að hjálpa öðrum.

Mussaed var 17 ára þegar hann ákvað að gerast sjálfboðaliði í samfélagsþjónustu meðan á hernámi Íraks í Kúveit stóð árið 1991. Hann tók að sér ýmis verkefni en lenti fljótlega í því að vera sendur að sækja lík af götum höfuðborgarinnar. „Ég get vel hugsað mér auðveldara

upphaf að sjálfboðavinnu,” segir hann. „En sú reynsla sannfærði mig um hversu nauðsynlegir sjálfboðaliðar eru þegar neyðarástand ríkir.”

Stríðshörmungarnar urðu síðan til þess að Mussaed ákvað að gerast félagi í Rauða hálfmánanum í Kúveit því þar bjóst hann við að „geta orðið mannkyninu að mestu gagn”. Hjá Rauða hálfmánanum hefur hann fengið þjálfun í skyndihjálp, sem slökkviliðsmaður og í almannavörnum. Hann hefur ferðast víða til að sinna hjálparstarfi, meðal annars til Líbanons, Albaníu, Makedóníu, Tyrklands og fjórum sinnum hefur hann farið til Írans að aðstoða íraska flóttamenn. „Ég er einna stoltastur yfir að hafa verið fulltrúi kúveíska Rauða hálfmánans í Mariam-



Stundum er erfitt fyrir Mussaed að komast yfir allt sem hann þarf að gera – en hann er ákveðinn í að láta það ekki bitna á vinnu sinni fyrir Rauða hálfmánann.

aðgerðinni í Írak,” segir hann. „En þá kom bílalest frá London til Íraks með ýmsar lífsnauðsynjar fyrir írösk börn.”

Mussaed er nú forystumaður allra ungra sjálfboðaliða í landsfélagi sínu en samhliða sjálfboðavinnunni hefur hann stundað nám í viðskiptafræði. Stundum reynist honum erfitt að komast yfir allt sem hann þarf að gera – en hann er ákveðinn í að láta

það ekki bitna á vinnu sinni fyrir Rauða hálfmánann. „Þegar ég sé fórnarlömb náttúruhamfara eða stríðsátaka á sjónvarpsskjánum þá langar mig mest til að hjálpa þeim öllum. Ég aðstoða aðra eins og ég mundi vilja að aðrir aðstoðuðu mig í neyð,” segir hann. „Hver veit? Einn góðan veðurdag gæti ég þurft á hjálp annarra að halda.”

Misjafnlega hefur gengið að fá yngra fólk til að gerast sjálfbóðaliðar en Elva segist ekki halda að fordómar eða peningahyggja ráði þar ferðinni. „Ég held að það þurfi bara að vekja athygli ungs fólks á því að stík störf eru hluti af því að vera manneskja.“

Athygli fegurðardrottningar nýtt í þágu mannúðar

„Mér finnst alveg sjálfsgott að nýta þá athygli og markaðssetningu sem fegurðarsamkeppnin Ungfrú Ísland.is fær í þágu góðra málefna og til að virkja fólk til umhugsunar um aðra í þjóðfélaginu og heiminum sem hafa það ekki jafn-gott og við,“ segir Elva Dögg Melsteð, sem krýnd var Ungfrú Ísland.is árið 2000.

Aðstandendur keppinnar gerðu í fyrra samning við Rauða kross Íslands sem fólst meðal annars í því að þátttakendur í keppninni leggja hreyfingunni lið sitt þegar tilefni gefast. Stúlkurnar sem tóku þátt í keppninni í ár unnu meðal annars að því að flokka föt á fataflokkunarstöðvum Rauða krossins og sýndu á tiskusýningu fyrir Rauðakrossbúðina á Hverfisgötu.

Krakkar tæmdu bauka

„Fyrsta verkefnið sem ég tók þátt í var alnæmissöfnunin Göngum til góðs. Ég var með í auglýsingaherferð, kom fram í fjölmiðlum fyrir Rauða krossinn og svo gekk ég auðvitað í hús á söfnunardaginn,“ segir Elva sem starfar við vefsíðugerð hjá Anok margmiðlun ehf. „Mér gekk

bara mjög vel að safna, það var dálítið kalt en það voru bara örfáir sem voru ekki hressir með þetta. Langflestir voru tilbúnir með pening og vissu um hvað málið snerist. Nokkrir krakkar komu líka með sparibaukana og tæmdu þá ofan í söfnunarbaukinn minn.“

Elva gekk í hús í Hvassaleitinu og efast um að fegurðardrottningarnafnbótin hafi haft áhrif á gjafmildi fólks. Á ekki von á að margir hafi þekkt sig enda var hún ekki beinlínis í gala-klæðnaði þar sem hún skundaði milli húsa dúðuð í dúnúlpu og með rússahúfu á kollinu.

Gaf Vin 450.000 krónur

Þá birtist Elva í þættinum Viltu vinna milljón ásamt fimm öðrum þjóðþekktum Íslendingum sem máttu velja hvert verðlaun þeirra rynnur. Elva kaus að láta verðlaunin sín, 450.000 krónur, renna til Vinjar, athvarfs geðfatlaðra á Hverfisgötunni. „Ég heimsótti Vin og borðaði með fólkinu og mér leist bara mjög vel á að styrkja þetta athvarf. Geðfötun er þögull sjúkdómur og það er vert að vekja athygli á því að þetta athvarf er til og á þeirri góðu starfsemi sem þar fer fram.“



Kann ekki að segja nei

Fyrir sjö árum var verkakona í Njarðvík dæmdur öryrki. Fyrir tæpum sex árum gekk hún til liðs við Rauða krossinn og er nú verkafnastjóri í unglingsstarfinu, situr í stjórn Suðurnesjadeildar, í svæðisráði og fulltrúaráði.

Jóna Holm er fertug þriggja barna móðir sem hefur starfað ötullega með Suðurnesjadeild Rauða krossins í rösklega fimm ár. Hún hafði lengst af unnið í fiski þegar hún uppgötvaðist með hjartagalla, slitgigt og beinhrönnun árið 1994 og var þá úrskurðaður öryrki. Það hefur þó ekki aftrað henni í sjálfböðavinnunni.

Jóna var valin verkafnastjóri yfir unga fólkinu fyrir þremur árum. Krökkunum er skipt í tvo hópa, 11–13 ára og 14 ára og eldri, og hittast þeir á hverjum þriðjudegi. Á þriðjudagsfundunum hafa sérfræðingar komið til að spjalla um sjálfsvíg, stríð, einelti og fleira. „En fyrst og fremst erum við auðvitað með fræðslu um Rauða krossinn sjálfan. Starfið hefur verið mjög gott í vetur. Það komu reyndar svo

Ævintýraförin endaði á Ísafirði

Grazyna lagði upp í ævintýraferð með systur sinni fyrir 10 árum og bar þær niður við Ísafjarðardjúp. Þar er hún enn og hefur reynt pólskum löndum sínum á Vestfjörðum ómetanleg aðstoð.

Árið 1991 héldu Grazyna María Gunnarsson, þá 25 ára, og systir hennar af stað frá Gdansk í Póllandi til að skoða heiminn. Fyrsti áfangi var Hnífsdalur á Íslandi, þar sem stefnan var að dveljast í sex mánuði við fiskvinnu. Síðan var ætlunin að halda til Kanada þar sem Grazyna og vinkonur hennar hugðust starfa á sjúkrahúsi í ár. Grazyna, sem er menntaður hjúkrunarfræðingur, komst þó aldrei til Kanada heldur fluttist til Bolungarvíkur og þaðan til Ísafjarðar þar sem hún fékk starf við sitt fag á sjúkrahúsinu. „Og hér er ég enn,“ segir hún án þess að nokkra eftirsjá megi greina í rödd hennar. Árið 1992 eignaðist hún soninn Einar og nú búa þau mæðgin á Ísafirði og eru heint ekki á leiðinni burt.

Vill mennta fleiri tülka

Grazyna hefur sannarlega reynt löndum sínum á Vestfjörðum betri en enginn. Alls eru nú um 150 Pólverjar á Vestfjörðum. „Í svona litlum bæjarfélögum þekkja allir alla og eftir að ég lærði málið fór fólk að hringja í mig til að biðja um aðstoð,“ segir Grazyna um tildrög þess að hún fór að tülka fyrir Pólverja á svæðinu.

Eins og nærri má geta er það ekki lítið verk að tülka fyrir svo stóran hóp af fólki. Grazyna er launaður tülkur fyrir Miðstöð nýbúa og hjá Neyðarlínunni en megnið af tülkastarfinu innir hún af hendi í sjálfböðavinnu. „Það er ofsalega misjafnt hvað það er sem fólk þarf aðstoð við. Fólk vantar ótal upplýsingar og er alveg ósjálfbjarga þegar það kann ekki málið. Þannig að ég er að tülka fyrir fólk þegar það fer til læknis, á skattstofuna, í bankann eða vantar upplýsingar um tryggingar, barnameðlög, fæðingarorlof, skóla, leikskóla og fleira.“



Grazyna vill gjarnan setja upp tülkanámskeið fyrir aðra Pólverja sem hafa lært málið enda heldur mikið fyrir einn að sinna þeim stóra hópi Pólverja sem býr á Vestfjörðum.

Grazyna hefur sinnt tülkun fyrir Pólverja á Vestfjörðum að mestu leyti ein. „Mér finnst þetta rosalega gaman en það koma tímabil þar sem þetta er of mikið. Sérstaklega þegar eitthvað kemur upp á, til dæmis þegar fyrirtæki verða gjaldþrota. Þess vegna vildi ég gjarna skipuleggja tülkanámskeið fyrir aðra Pólverja.“

Alharðasti sölumaður sem ég þekki

Ragnar Berg Andr sson er bundinn vi  hj last l og    r ugt me  a  tj  sig. P  hefur hann tv   r   r   veri  s luh stur Rau a kross sj lfbo ali anna sem seldu dagat l fyrir Proskahj lp   anddyri Skagfir ingab  ar.

Ragnar Berg,   Bergst  um   Skagafir i, er   þri ja  ri   starfsbraut   Fj lbrautask la Nor urlands vestra   Sau arkr ki. Einn af kennum hans og s  sem f kk hann til a  ganga til li s vi  Rau a kross deildina   Skagafir i, Karl L  v ksson  pr ttakennari, spjalla i vi  Hj lpina um þennan  vanalega sj lfbo ali a sem   erfitt me  a  tj  sig og hefur takmarka a hreyfigetu.

Ekki bara þiggjendur

Ragnar f kk heilahimnub lgu fj gurrar  ra gamall og hefur si an n tast vi  hj last l til a  komast fer a

sinna en hann ver ur tv tugur   j ni. Karl segir a  Ragnar hafi strax teki  vel   a  ganga   Rau a krossinn. „Eitt af markmi um Rau a krossins er a  hj lpa f lki a  hj lpa s r sj lft. A  koma   veg fyrir a  f lk eins og Ragnar s  alltaf þiggjendur. Þess vegna var það þannig   fyrri a   g f kk ungli ahreyfingu Skagafjar ardeildar RK  til a  selja dagat l Proskahj lpur og l ta allan  g  a renna til starfsbrautarinnar þar sem Ragnar stundar n m. En  g ba  þau um a  f  nemendur starfsbrautarinnar til li s vi  sig   s lunni. Ragnar t k þ tt   s lunni, sat   anddyri Skagfir ingab  ar og reyndist svo langs luh stur b  i   fyrri og n na. Hann er einhver alhar asti s luma ur sem  g þekki,“ segir Karl. Sagan segir a  Ragnar hafi veri  svo har ur   s lumenskunni a  hann hafi selt f lki eitt dagatal þegar það kom inn   b  ina – og anna  þegar það kom  t!



Ragnar er h rkuduglegur str kur, segir Karl, gla lyndur og n kv mur. Hann er l ka mikill umhverfisverndarsinni, safnar d sum og fl skum af mikilli elju og hefur einstaklega n ma sj n fyrir d sum – s r þ r langar lei ir þar sem a rir sj  ekkert.



M r finnst þetta ofsalega gaman, segir J na, annars v ri  g ekki a  þessu.

margir   fyrsta fundinn, 60–70 krakkar, a  vi   ttum ekki einu sinni st la handa  llum! Vi  vissum ekki hva an   okkur st   ve ri . En h purinn þynntist og n  koma a  me altali um 20 krakkar   fundi hj  yngri h pnum og 10–15 hj  þeim eldri.”

J na og f lagar hennar vita sem er a  ef það   a  takast a  halda b rnum vi  efnid ver a fundirnir a  vera blanda af fr  slu og skemmtan. „Vi  erum til d mis a  fara    tilegu br  um, h fum fari    skautufer ir, fer al g,

haldi  vide kv ld og  mislegt. Þa  hefur virka  mj g vel   þau.”

J na segir eldri krakkana mj g virka og vera farna a  s na l ngun til a  hj lpa   rum. En hvers vegna skyldi J na hafa fari   t   sj lfbo amenskuna? „ tli þetta s  ekki   bl  inu, hann afi minn var nefnilega   Hj lp-r  ishernum.  g vil bara hj lpa   rum. Kann ekki a  segja nei. Ef einhver bi ur mig um a  hj lpa s r þ  bara geri  g það. Og hef gaman af.”

Heimilisl f er einkam l

Wakako Kawada er forystuma ur h ps sem sinnir heimahlyningu og hefur reynt a  ry ja  r vegi menningarlegum hindrunum til a  geta hl   a  eldri borgurum og f tlu um   Shinjuku-hverfinu   mi borg T k .

Þa  er sterkur þ ttur   japanskri menningu a  l ta svo   a  heimilisl fi  s  einkam l hverrar fj lskyldu og ekki til a  fl ka   torgum. Samf lagsþj nusta  miss konar er þvi nokkrum vandkv  um bundin. Margar fj lskyldur kj sa til d mis helst sj lfbo ali a fr  fjarl gu hverfi til a  a sto a þ r vi  a  annast veika  stvini. „Japanar vilja yfirleitt ekki a  n grannar þeirra viti hvernig fj lskyldum lum þeirra er h tta ,”  tsk yrir Wakako Kawada, sj lfbo ali i hj  Rau a krossinum. „Um lei  og n grannarnir vita eitthva  getur or r murinn fari  a  berast um hverfi .”

Þessi þ rf fyrir nafnleysi eykur enn byr i sj lfbo ali a. „Fer akostna ur hj  okkur er þvi mikill og stundum ey um vi  meiri t ma   a  komast   milli sta a en a  heim-s kja fj lskylduna. Þa  er þvi erfitt a  koma fyllilega til m ts vi  þarfir f lksins,“ segir Wakako.

Wakako heims kir me al annars reglulega Keiwa Shimauchi, lama a st lku   pr tugsaldri. Wakako, e a annar sj lfbo ali i, a sto ar m  ur Keiwa tvisvar   m nu i vi  s rst k verkefni, eins og a  ba a d tturina. „Þa  munar  skaplega miki  um

þessa a sto ,” segir m  ir Keiwa.

Fyrsta heims knin er oft s  erfi asta og allir tauga styrkir, b  i sj lfbo ali i og fj lskyldan. Fornar si venjur eru grafnar dj pt   hug Japana. Wakako g tir þess til d mis vandlega a  horfa ekki   kringum sig   fyrstu heims kn og snerta ekkert af eignum fj lskyldunnar, ella g ti f lki  m dgast.

Sj lfbo avinna er harla l tils metin   Japan, segir Wakako, og þvi oft miki   lag   sj lfbo ali um. F lk sem s kist eftir a sto  hafnar þeim oft og þvi s r Wakako til þess a  sj lfbo ali arnir f i andlegan stu ning og jafnvel a sto  s lfr  ings ef þess gerist þ rf.



„F lk hikar oft vi  a  bj  a sj lfbo ali a velkomna   heimili sitt vegna þess sem kallast „haji“ (sk mm, ni url ging)   japanskri menningu,“ segir Wakako Kawada.

Fyrsti heimsóknarvinurinn í Keflavík

Ásta Sigurðardóttir var sá fyrsti sem skraði sig heimsóknarvin hjá Rauða kross deildinni í Keflavík. Í tæp þrjú ár heimsótti hún reglulega parkinsonsjúka konu og þær urðu góðar vinkonur. Konan lést nú í febrúar.

Ásta er rösklega fimmtugur skrifstofustjóri í Vélsmíðju Suðurnesja í Njarðvík og er raunar einn af eigendum fyrirtækisins. Það var í apríl 1998 að hún hittu kunningjakonu sína á kaffihúsi, Birnu Zóphóníasdóttur svæðisfulltrúa á Suðurnesjum, og Birna sagði henni frá því að til stæði að taka upp heimsóknarþjónustu í Keflavík. „Hún spurði hvort hún mætti hafa samband við mig. Ég sagði að hún mætti svo sem hringja og ég mundi sjá til. Nú og svo hringdi hún auðvitað,” segir Ásta.

Náði henni á rúntinn

Ásta fór þá að heimsækja eldri konu sem þjáðist af parkinsonsveiki, fyrst tvisvar í viku og síðan einu sinni í viku. „Hún vildi fá heimsóknarvin en var svolítið neikvæð og erfið til að byrja með. Vildi ekki hleypa okkur

Birnu inn fyrst þegar við komum en lét svo undan. Undir lokin var hún hins vegar farin að bíða eftir að ég kæmi í heimsókn.”

Þær Ásta urðu smám saman góðar vinkonur og náðu vel saman. „Hún átti erfitt með fótavist og var mjög treg til að fara út úr húsi en mér tókst fyrir rest að ná henni út á rúntinn. Við fórum í bíltúr heim til mín og stundum til dóttur hennar í kaffi þegar hún treysti sér. Hún var mér afskaplega ljúf þegar líða tók á og var líka farin að treysta mér fyrir einu og öðru sem hún sagði ekki öðrum,” segir Ásta, „enda sagði ég henni strax að ég væri bundin þagnareiði sem sjálfbóðaliði.

Sextán heimsóknarvinir eru í Keflavík og heimsækja þeir eldra fólk, öryrkja og annað fólk sem þarf einhverja hluta vegna á félagsskap að halda. Ásta á sjálf fjögur uppkomin börn og barnabörn og hefur því nóg að gera en hún hyggst ekki hætta sjálfbóðamenskunni þótt konan sé látin. „Það er miklu meiri þörf fyrir þessa heimsóknarþjónustu en fólk gerir sér grein fyrir.”



Þessar heimsóknir gáfu mér jafnmikið og henni, segir Ásta. Konan lá á spítala síðasta árið sem hún lifði.



„Þegar kallað er eftir hjálp þá er maður hlaupinn, sama hvernig stendur á,” segir Guðrún.

Ástríðan rekur mann áfram

Það var mikið um að vera hjá Guðrúnu og Rauða kross félögum hennar í Árnæssýslu á síðasta ári þegar tveir Suðurlandsskjálftar riðu yfir sýsluna með örfárra daga millibili.

Guðrún hefur verið í sjálfbóðastarfi allt frá æskuárum sínum, starfaði meðal annars sem skáti en sneri sér svo að Rauða krossinum. „Það er ástríðan fyrir að taka þátt í þessu starfi sem rekur mann áfram,” segir Guðrún Hjörleifsdóttir hjá Rauða krossinum í Árnæssýslu.

Ávallt í viðbragðsstöðu

Rauði krossinn í Árnæssýslu sinnti neyðarhjálp síðastliðið sumar þegar tveir stórir jarðskjálftar riðu yfir héraðið. „Við erum alltaf tilbúin til að aðstoða við öll slys og

höfum fyrirframundirbúna áætlun til að fara eftir þegar stórslys verða. Í jarðskjálftunum í sumar veittum við fólki áfallhjálp eftir hamfarirnar. Og það má segja að seinni skjálftinn hafi reynt enn frekar á okkur því upptökin voru hér rétt fyrir utan Selfoss. Þá fékk ég boð um að koma fimm mínútum eftir að skjálftinn reið yfir og við vorum komin í hjálparstöðina 10 manns skömmu síðar,” segir Guðrún. Stór hópur fólks vann þar á vöktum í 7 daga við að aðstoða fólk, ásamt tveim sérfræðingum í áfallhjálp.

110 gáfu blóð

Rauði krossinn í Árnæssýslu sinnir mörgum þáttum innan samfélagsins. Barnfóstrunámskeið eru haldin á hverju vori og skyndihjálparnámskeið reglulega. Þá vinnur Guðrún líka við blóðsöfnun með Blóðbank-

anum á Selfossi. „Söfnunin fer nú fram tvisvar á ári. Sjúkrahúsið hér á staðnum hefur samband við mig hálfum mánuði fyrir söfnunina. Ég kem upplýsingum um það á vinnustaði svo að menn viti með fyrirvara hvenær söfnun er. Nú síðast komu 110 manns og gáfu blóð í söfnunarferð Blóðbankans,” segir Guðrún.

En hvers vegna að standa í slíkri sjálfbóðavinnu? „Það er þörfin fyrir að hjálpa og svo fáum við líka heilmikið út úr því að vinna fyrir aðra. Reyndar fær maður þakklæti og það er ekki svo lítils virði, en það sem starfið gefur er okkur dýrmætast. Þegar kallað er eftir hjálp þá er maður hlaupinn, sama hvernig stendur á, það er enginn tími til að hugsa sig um. Auðvitað gerir maður þetta með mikilli ánægju, annars væri maður ekki búinn að vera í þessu í tugi ára.”

Sólveig Ólafsdóttir skrifar frá Mongólíu

Dvínandi von í frosthörkum Mongólíu



Eiginkona Dorj var of veikburða til að ferðast og varð því eftir heima. „Við neyddumst til að sundra fjölskyldunni til að bjarga skepnunum. Það er rangt. Fjölskylda á að vera saman,” segir Dorj raunamæddur.

Mongólskir hirðingjar eru aðframskipnir á líkama og sál og Rauði krossinn óttast að margir þeirra lifi ekki af vetrarhörkurnar ef aðstoð berst ekki sem fyrst. Alþjóða-Rauði krossinn sendi fyrir skömmu frá sér beiðni um 2,86 milljónir svissneskra franka til að útvega mat og neyðaraðstoð fyrir 35 þúsund hirðingja í Mongólíu. Aðstoðin er ætluð hirðingjum sem hafa þolað gríðarlegan skepnufelli í fannferginu í vetur eftir brakandi þurrkasumar – annað árið í röð.

Að öllu jöfnu falla flestar skepnur á vorin en við höfum þegar misst helminginn af hjörðinni síðan „dsúd“ geisaði hér í nóvember. Ég er ansi hræddur um að hjörðin okkar verði að engu orðin í sumar,” segir Sodnom-Ish raunamæddur um leið og hann þrýstir ungrri dóttur sinni, Shirchin, að sér.

Sodnom-Ish vísar þarna til vetrarótíðar sem Mongólar kalla dsúd – þegar gerir hjarn á mikla fönn eftir snjókomu. Eftir slíka ótíð ná hungraðar skepnurnar ekki að krafsa sig í gegnum fönnina til að naga grassvörðinn. Það blæðir úr hesthófum og klaufum sauðfjár og nautgripa eftir örvæntingarfullar en árangurslausar tilraunir til að grafa sig í skafhana eftir æti. Ekki svo að skilja að dýrin fyndu nokkuð ef þau kæmst í gegnum snjóalög. Jörðin er sem sviðin eftir þurrkana síðastliðið sumar. Skepnurnar hafa gripið til þess örþrifaráðs að éta húð og hala, dindla og tögl hvert af öðru til að seðja sárasta hungrið.

Sodnom-Ish er 24 ára gamall. Í veikri von um að geta bjargað hjörðinni ferðaðist hann með konu sinni,

dóttur og föður 300 kílómetra leið frá heimaslóðum. Á síðustu þremur mánuðum hafa þau þrisvar þurft að flytja hirðingjatjaldið sitt um set og eru nú að búa sig undir að flytja enn einu sinni. „Við ætlum að flytja á stað sem er 5 kílómetra héðan því þar er skýli með gömlu taði. Við höfum þá eittvað að brenna og beitilandið er aðeins skárri þar en hér.”

Í vetrarbyrjun áttu þau 1114 skepnur – 700 kindur, 200 geitur, 40 kýr, 4 kameldýr og 170 hesta. Að minnsta kosti 512 dýr eru nú fallin í valinn. Þau misstu meira að segja tvö kameldýr – skepnur sem venjulega þola hinar mestu frosthörkur.

„Það var í nýársveðrinu. Blindbylur geisaði þannig að við komumst ekki út úr tjaldinu. Þegar hríðinni

slotaði loks var það orðið of seint. Kameldýrin voru grafin í fönn,” segir Sodnom-Ish. Sjötíu hestar hafa einnig drepist hjá þeim úr kulda og hor. Eldri bróðir Sodnom-Ish fór með það sem eftir lifði af hestunum í annað hérað í þeirri von að þannig tækist að bjarga þeim. Þau hafa ekkert frétt af honum síðan. Það er ekki til að bæta sálarástand fjölskyldunnar að skilja varð eiginkonu föður Sodnom-Ish eftir heima því hún var of veikburða til að ferðast. „Við neyddumst til að sundra fjölskyldunni til að bjarga skepnunum. Það er rangt. Fjölskylda á að vera saman,” segir Dorj, rúmlega fimmtugur faðir Sodnom-Ish. Dorj hefur áhyggjur af heilsu konu sinnar og af eldri syninum sem er fjarri heimahögum. „Þetta er skelfilegt dsúd.”

Þetta er annar veturinn í röð sem hirðingjar Mongólíu verða illa fyrir barðinu á dsúd, eftir tvö þurrkasumar. Dsúd-tíminn í fyrravetur felldi 2,4 milljónir skepna en flest bendir til að meira en 6 milljónir falli fyrir sumarið. Á tveimur árum munu því um 9 milljónir dýra hafa fallið, um 20% af öllum búpeningi landsins. Lifibrauð hirðingjanna, sem eru um þriðjungur af íbúum Mongólíu, er því í bráðri hættu.

Látlaus ferðalög í nístingskulda hafa ekki farið vel í 10 mánaða dóttur þeirra hjóna. „Hún hefur fengið alvarlegt kvef og niðurgangskveisu,” segir Batsetseg, hin 20 ára gamla eiginkona Sodnom-Ish. „Við urðum að bera hana á kameldýrinu milli staða. Þetta hefur verið mjög erfitt.” Batsetseg er feimin en er greinilega meinilla við að flytja enn einu sinni með litlu dótturina.

Pótt úti sé brunagaddur (fer niður í 40 gráðna frost á næturnar) er hlýtt og notalegt í tjaldinu og Shirchin litla skríkir þar sem hún labbar völtum fótum milli húsgagna sem ættin hefur átt áratugum saman – máluð í hefðbundnum skærappelsínugulum lit sólarinnar. Feðgarnir eru vondaufir og svartsýnir. Eftir 30 ára hjarðmennsku hefur Dorj aldrei áður lent í slíkum skepnufelli. Þeir feðgar eru útkeyrðir. Líkamlega – eftir daglega baráttu við náttúruöflin þegar þeir fara með hjörðina á morgnana í leit að bithögum og safna henni síðan saman á hverju kvöldi. Andlega – eftir að hafa horft á skepnur sínar falla úr hor án þess að geta nokkuð að gert. „Við kunnum ekkert annað. Í sumar verðum við að fá skepnur að láni eða kaupa og byrja allt upp á nýtt,” segir Dorj. „Ef við lifum veturinn af.”



Það er hlýtt og notalegt í tjaldinu pótt úti sé brunagaddur. Látlaus ferðalög hafa hins vegar ekki farið vel í hana Shirchin litlu, 10 mánaða gamla dóttur Batsetseg og Sodnom-Ish.



Fólk í neyð og kúltúr í hættu

Porkell Þorkelsson, ljósmyndari á Morgunblaðinu, hélt til Mongólíu síðla vetrar og sá með eigin augum hvernig vetrarhörkurnar þar hafa leikið menn og dýr. Hrækestirnir hækka með hverjum deginum enda fer soltið fólk ekki að spreða dýrmætri orku í að draga hræin úr auglýn. Sums staðar hafa þau jafnvel verið nýtt í skjólgarða. „Frostið fer allt niður í 50 gráður og fólk verður að notast við hvað sem er til að halda á sér hita. Það er lítið tað að fá úr skepnum sem ekkert éta. Fólk rífur upp kjarr, brennir húsgögnum sínum, hvað sem er.

Þetta er hrikalegt ástand. Neyðin er hræðileg. En tilhugsunin um að lífshættir hirðingjanna – sem eru meðal fárra í heiminum sem enn lifa óspilltu frumbyggjalífi – séu í hættu er ekki síður sjokkerandi. Það er svo hætt við að fólk gefist upp þegar bústofninn er allur fallinn.

Þarna er fólk í neyð og kúltúr í hættu. Og það þarf svo lítið til að bjarga hverri fjölskyldu. Heyið er til í landinu, það vantar bara peningana. Ég fann það vel hjá málsmetandi hirðingjum að það er þeim hjartans mál að geta áfram lifað með sínar skepnur eins og þeir hafa gert um aldir.“

